# TEIGAHVERFI, staðgreinir 1.360-1.365

## Breyting á deiliskipulagi vegna staðsetningu grenndargámavið Sigtún




NÚGILDANDI DEILISKIPULAG mvk. 1:1000




TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI mvk. 1:1000




HLUTI AF AÐALSKIPULAGI REYKJAVÍKUR 2010-30

Í gildi er deiliskipulag Teigahverfis (syðri hluti) sem samþykkt var í borgarráði 02.07.2002, með síðari breytingum. Teigahverfi er fullbyggt og fastmótað íbúðarsvæði, byggt skv. skipulagi frá árinu 1946. Byggðin er mjög heilsteypt og varanleg og gott dæmi um byggingarstíl þess tíma er hún reis.

BREYTINGARLÝSING
Í tillögu að deiliskipulagsbreytingu felst að komið er fyrir grenndarstöð á borgarland í Sigtúni.
Deiliskipulagsbreytingin nær einungis til þess svæðis sem sýnt er afmarkað á deiliskipulagsuppdrætti.

Gert er ráð fyrir að hluti af grassvæði milli núverandi gangstéttar og lóðarinnar Sigtún 42 verði að svæði fyrir grenndarstöð. Til að tryggja aðgengi losunarbíls er gert ráð fyrir að 4 bílastæði í borgarlandi verði fjarlægð.

Grenndarstöðvar eru staðir þar sem einstaklingar geta sett flokkaðan úrgang í viðeigandi gáma. Markmið stöðvanna er að auka flokkun úrgangs, draga úr urðun og stuðla að ábyrgari meðhöndlun úrgangs. Á grenndarstöðvum eiga að vera gámar fyrir pappír, plast, gler og dósir og / eða föt til góðgerðarmála. Einnig verður upplýsingskilti við stöðina og á því ílát / kassi sem setja má í notaðar rafhlöður. Markmiðið er að auka þjónustu við íbúa hverfisins þar sem aðgengi allra fararmáta er gott.

Við hönnun, útfærslu og frágang skal :

- svæði afmarkað af grenndarstöð og umhverfis hana vera hellulegt.
- grenndarstöðin afmörkuð með skjólgirðingu.
- skal koma fyrir trjágróðri og runna. Jafnframt skal huga að og styrkja gróðurfar umhverfis grenndarstöðina.

Tillaga að deiliskipulagsbreytingu nær eingöngu til þess svæðis sem sýnt er afmarkað á deiliskipulagsuppdrætti. Engar aðrar breytingar eru lagðar til. Að öðru leiti heldur áður samþykkt deiliskipulag gildi sínu með síðari breytingum.

SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGA
- GRENNDARGÁMASTÖÐ
- GÖNGULEIÐ

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á borgarráði

þann 15. apríl 2021.

Tillagan var grenndarkynnt frá 21. september 2021 með athugasemdafresti til 19. október 2021.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 14. maí 2021.

REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI



REIST MYND, til skýringar (ekki í mvk.)



GRUNNMYND, til skýringar (ekki í mvk.)

Breytingar:
- 12.03.2021

Dags. 28.04.2020
Blaðstærð: A2


hornsteinar
arkitektar ehf
vinnustofa ingólfsstræti 5, 101 reykjavík
sími: 511 7011
netfang: hornsteinar@hornsteinar.is